




# Sambætting skóla- og frístundastarfs

Ráðgjafarsvið KPMG

—  
2022



# Tilurð verkefnisins

Á Húsavík ríkir samhugur um að dagskrá barna þurfi að vera svo gott sem óslitin og tími þeirra frá skóla til tómstunda sé skipulagður vel.

## Tilgangur

Stuðla að auknum samvistum fjölskyldna og auka þátttöku barna í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi í sveitarfélaginu.

## Hvernig?

Gera skólastarf samþætt við íþrótta- og tómstundastarf

## Áherslur

Í upphafi miðaði verkefnið að samþættingu skóla- og frístundastarfs barna á lokaári í leikskóla og 1. til 4. bekkjar grunnskóla.








Eftir því sem verkefninu miðaði áfram var þó ákveðið að miða ætti við efstu tvo árganga í leikskóla og fyrstu tvo árganga í grunnskóla.

## Úr framtíðarsýn skólastefnu Norðurlþings...

...leitað verði allra leiða til að samfella í vinnudegi barna verði sem mest og sniðin að þörfum þeirra á hverjum stað.




# Áfangaskipt verklag

	Áfangi I	Áfangi II	Áfangi III
	Gagnaöflun <span style="color: purple;">●</span> Stýrihópsfundur I	Úrvinnsla <span style="color: purple;">●</span> Stýrihópsfundur II	Innleiðing <span style="color: purple;">●</span> Stýrihópsfundur III
Verkefni	<p>Draga fram heildræna yfirsýn á verkefnið með:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— greiningu á stundaskrá grunn-, leik- og tónlistarskóla</li> <li>— greiningu á æfingaáætlun íþróttafélags</li> <li>— mati á starfsemi frístundar og annarra þátta sem hafa áhrif á dagskrá barna á Húsavík</li> <li>— viðtölum við valda hagaðila</li> </ul> <p>Samantekt niðurstaðna</p>	<p>Vinnufundir með það að leiðarljósi að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— skilgreina óskastöðuna „Samþættur vinnudagur barna“</li> <li>— skipuleggja aðlögun stundaskráa/æfingaáætlana að óskastöðunni,</li> <li>— meta mannaflapörf og kostnað við breytt skipulag og forgangsröðun aðgerða</li> </ul> <p>Úrvinnsla niðurstaðna</p>	<p>Eftirfarandi skref snúast um að fylgja eftir innleiðingu á óskastöðunni:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— kynning á niðurstöðum verkefnisins fyrir öllum hagaðilum</li> <li>— leggja aðgerðaáætlun fram til samþykktar hjá hagaðilum</li> <li>— undirbúa komandi skólaár og skipulagðar tímstundir miðað við niðurstöður verkefnisins með virku samstarfi hagaðila</li> </ul>
Afurðir	 <p><b>Stöðugreining og fyrstu hugmyndir að aðgerðaáætlun</b></p> <p> 2-3 vikur</p>	 <p><b>Fullmótuð aðgerðaáætlun</b></p> <p> 4-5 vikur</p>	 <p><b>Samræmt skóla- og tímstundastarf á Húsavík</b></p> <p> Óskilgreint</p>
	 <b>Verkefnastjórnun</b>		

# Stýrihópur verkefnisins

Áhersla var lögð á virka þátttöku allra hagaðila í ferlinu.

Til að taka tillit til ólíkra sjónarmiða og skapa sátt um niðurstöður skipuðu eftirfarandi fulltrúar hagaðila stýrihóp verkefnisins:



Ráðgjafar KPMG stýrðu vinnunni í samvinnu við fulltrúa stýrihópsins



## Norðurþing

- Kjartan Páll Þórarinnsson, Íþróttá og tómstundafultrúi
- Jón Höskuldsson, fræðslufulltrúi



## Borgarhólsskóli

- Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, starfandi skólastjóri



## Grænuvellir

- Sigríður Valdís Sæbjörnsdóttir, leikskólastjóri



## Völsungur

- Jónas Friðriksson, framkvæmdastjóri

# Helstu niðurstöður úr viðtölum

01

## Almennt

- Ánægja með stöðu frístundamála, gott framboð en hægt að samræma betur
- Skortur á samtali milli aðila
- Almennur samhugur um mikilvægi verkefnisins

03


## Aðbúnaður

- Almenn tilhlökkun að fá nýtt húsnæði
- Mikil barátta um tíma í höllinni
- Heilt gervigras sem bíður eftir því að það sé notað

05

## Börnin í forgrunni

- Vinnudegi barna lokið kl 16:00
- Fjölga iðkendum í skipulögðu starfi



02

## Skipulag

- Koma á fót reglulegu samtali
- Frístund miðjan
- 200 daga frístund

04

## Mannauður

- Samnýta mannauðinn betur
- Aukið samtal innan Völsungs sömuleiðis (milli deilda)

# Helstu niðurstöður vinnufundar

Vinnustofa var haldin 1. mars 2022 á Húsavík. Þangað mættu fulltrúar frá Borgarhólsskóla, frístund, leikskólanum Grænuvöllum, Völsungi auk fulltrúa frá stjórnarsýslu Norðurþings sem unnu saman í þremur vinnulotum undir stjórn ráðgjafa KPMG



## Lykil áherslur þátttakenda

- Norðurþing getur skartað flottasta frístundaverkefni landsins
- Þátttakendur tilbúnir að ræða sameiginlega niðurstöðu með hag barna í forgrunni
- Einhugur um að smíða kerfi með þarfir barnanna í öndvegi
- Vilji fyrir heilsársfrístund (200 daga) sem starfar með íþróttafélaginu að skipulagi.



## Stjórnun og stefnumörkun

- Hafa skýra stefnu og einhvern sem stýrir verkefninu.
- Búa til samráðsvettvang utan um verkefnið sem tekur á áskorunum og tækifærum.
- Mikið og opið samstarf á milli skólastiga, frístundar og íþrótta.



## Hugmyndir

- Upplýstur og vel merktur göngustígur frá skóla að íþróttavelli og sundlaug.
- Hugbúnaður utan um skráningar barna í frístund og íþróttir.
- Auka sveigjanleika svo starfsfólk geti unnið þvert á starfseiningar sveitarfélagsins.

# Staða og framvinda

## Næstu skref

Nýtt fyrirkomulag tekur gildi í september og æfingar verða í íþróttahöllinni milli 13 og 16.



Elstu tveir árgangar á Grænuvöllum.



Fyrstu tveir árgangar í Borgarhólsskóla.

- Æfingar leikskólabarna verða í upphafi í formi íþróttaskóla en hjá 1. og 2. bekk verða í boði blak, fimleikar og fótbolti.
- Þjálfarar koma frá Völsungi en starfsfólk Grænuvalla og starfsfólk Frístundar fylgja börnum á æfingar.
- Væntingar eru um að nemendur á unglingastigi Borgarhólsskóla verði einnig til aðstoðar í gegnum valgreinar.
- Verkefnið er hluti af starfsemi Grænuvalla og Frístundar.
- Ekki greitt sérstaklega fyrir æfingar í aldurshópnum sem um ræðir.

## Árangursrík innleiðing krefst...

...reglulegra funda um skipulag og framkvæmd.

...að starfsfólk sé vel upplýst um hlutverk hvers og eins.

...lausnamiðaðs hugarfars gagnvart áskorunum við innleiðingu nýrra áherslna.

# Drög að stundatöflu

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
13:30 Íþróttaskóli 1.-2. bekkur kvk Fótbolti	13:30 Fótbolti 3.-4. bekkur kk	13:30 Íþróttaskóli 1.-2. bekkur kvk Blak	13:30 Íþróttaskóli 1.-2. bekkur kvk Fimleikar	13:35 Frjálsar yngri ???	08:30 Íþróttaskóli
14:15 Fótbolti 3.-4. bekkur kvk	14:30 Íþróttaskóli	14:15 Íþróttaskóli	14:15 Íþróttaskóli	14:30 Blak 3.-4. bekkur kk og kvk	09:30
15:15 Íþróttaskóli 2018	15:15 1.-2. bekkur kk Fótbolti Íþróttaskóli 2017	15:00 1.-2. bekkur kk Blak Blak 3.-4. bekkur kvk og kvk	15:15 1.-2. bekkur kk Fimleikar Íþróttaskóli 2017	15:30 U12/14 og U16 blak 90 min	10:30
16:00 Leikskólahópur yngri Fótbolti/Fimleikar Fimleikar 3.-10. bekkur	16:00 Leikskólahópur eldri Fótbolti	16:00 U12/14 og U16 blak 90 min	16:00 Leikskólahópur eldri Fimleikar Fimleikar 3.-10. bekkur	17:00	12:00 Íþróttaskóli
17:30 U16 blak 90 min	17:30 fótbolti U21/14 blak 60 min	17:30	17:30 Fótbolti	<b>Sunnudagur</b> 13:00 U16 Blak	
19:00	18:30 Boccia MKK blak	18:15 blak badminton 1/3	18:30 Boccia		



# Kostnaður við samþættingu skóla- og frístundastarfs

01

- Norðurþing greiðir kostnað við verkefnið
- Forsjáraðilum að kostnaðarlausu

02

## Kostnaðarliðir

Norðurþing greiðir kostnað við þjálfara sem skipuleggja og framkvæma æfingar íþróttaskólans.

Í kostnaðarmati er ekki gert ráð fyrir að kostnaður vegna starfsfólks frístundar og íþróttahallar sé talinn viðbótarkostnaður.

**Áætlaður kostnaður: 1,5 – 2,8 milljónir á ári\***

\*Miðað við 1.sept-1.júní

# Algengar spurningar

01

## Fyrir hverja?

Fyrir tvo elstu árganga á Grænuvöllum og 1. og 2. bekk í Borgarhólsskóla.

02

## Hvaða greinar verða í boði?

Til að byrja með verður boðið upp á fótbolta, blak og fimleika

03

## Hvað kostar?

Norðurþing greiðir kostnað við verkefnið og það því forsjáraðilum að kostnaðarlausu.

04

## Hversu oft í viku?

Leikskólabörn 2x í viku  
1. og 2. bekkur 3x í viku

05

## Hvar fer skráning fram?

Ef börn eru í leikskóla eða Frístund þá þarf ekki að skrá þau sérstaklega í verkefnið.

Ef börn eru ekki í leikskóla/Frístund þá þarf að skrá þau í úrræðið rafrænt í gegnum Sportabler síðu Norðurþings.

06

## Hvað verður um þátttöku á mótum?

Völsungur mun halda utan um þátttöku á mótum. Þjálfarar og forsjáraðilar skrá þátttöku eins og verið hefur og forsjáraðilar greiða kostnað vegna þeirra.

07

## Hverjir þjálfa?

Þjálfarar hjá Völsungi hafa yfirumsjón með þjálfun. Þeim til aðstoðar verður starfsfólk frá Grænuvöllum og Frístund. Stefnt er að því að nemendur á unglíngastigi Borgarhólsskóla aðstoði og að það verði hluti af valgreinum á unglíngastigi.

**KPMG**